

Samþykkt um stefnumótun Orlofssjóðs KÍ 2014-2018

STEFNUMÓTUN ORLOFSSJÓÐS KÍ 2014-2018

- Stjórn Orlofssjóðs KÍ leitast við að hafa hagsýni að leiðarljósi í rekstri sjóðsins.
- Fram fari óháð úttekt á rekstri Orlofssjóðs KÍ til að fylgja eftir markmiði um hagkvæmni í rekstri.
- Áfram verður unnið að því að auka fjölbreytni orlofstilboða.
- Leitast verði eftir því að tryggja framboð orlofshúsa og íbúða víða um land til endurleigu fyrir félagsmenn.
- Kannaðir verði möguleikar á leigu húsnæðis erlendis.
- Stefnt skuli að kaupum / byggingu a.m.k. tveggja nýrra húsa í orlofsbyggðinni í Kjarnaskógi við Akureyri.
- Stefnt að kaupum á eignum í orlofshúsabyggðum í öllum landshlutum gefist forsendur til þess.
- Leitað verði leiða til að bæta starfsmanna- og geymsluaðstöðu í Kjarnaskógi.
- Leitast við að bæta starfsmannaaðstöðu, auk véla- og verkfærageymslu, í Heiðabyggð við Flúðir.
- Stefnt skal að byggingu þriggja nýrra húsa í stað þriggja gamalla húsa í Ásabyggð við Flúðir, sambærileg húsi nr. 34 í Ásabyggð.
- Kynning á starfsemi Orlofssjóðs KÍ verði eflað til muna.
- Fundargerðir Orlofssjóðs KÍ verði aðgengilegar á vef sjóðsins.
- Kannaðir verði samstarfsmöguleikar við orlofssjóði annarra stéttarféлага með möguleika á samvinnu / samrekstri á orlofssvæðum.
- Leitað verði leiða til að tryggja netaðgang í öllum eignum Orlofssjóðs KÍ.
- Hugað verði að viðhaldi á húsunum við Sóleyjargötu og endurnýjun húsgagna.
- Leitað verði markvissra leiða til að eyða ójöfnuði sem á sér stað við úthlutun orlofshúsa til félagsmanna KÍ, og skal koma til framkvæmda eins og hægt er.